

**Nd.**

**779. Nefndarálit**

**[196. mál]**

um frv. til tollalaga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með þessu frv. er leitast við að setja heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit. Slík löggjöf var löngu tímabær.

Á hinn bóginn er í frumvarpinu gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík verði jafnframt ríkistollstjóri og tollstjórar um allt land skuli vera undirsáttar tollgæslustjórans í Reykjavík sem er undirmaður tollstjórans í Reykjavík sem á svo aftur að vera ríkistollstjóri — samhliða sínu eigin embætti. Sem ríkistollstjóri verður tollstjórinn í Reykjavík yfirmaður sjálfs sín. Jafnframt er þessum embættismanni í Reykjavík ætlað að vera yfirmaður allra tollstjóra um allt land þótt hér sé um hliðstæð embætti að ræða. Og að því er tollgæslumál varðar eiga tollstjórar úti á landi að lúta undirmanni eins tollstjóranna, nefnilega þess sem situr í Reykjavík.

Hér er á ferðinni stjórnunarlegur vanskapnaður. Jafnframt er verið að draga vald utan af landi í hendur embættismanna í Reykjavík.

Ef tollstjórinn í Reykjavík er jafnframt ríkistollstjóri má reyndar spyrja, hvort ekki eigi það sama að gilda um skattstjórnann í Reykjavík að því er skattamál varðar.

Hingað til hefur sú regla gilt að yfirstjórn tollamála í landinu væri í höndum fjármálaráðuneytis. Í breytingartillögum á sérstöku þingskjali gerir undirritaður tillögu um að þessi skipan haldist og tollstjórar úti um land haldi sjálfstæði sínu.

Alþingi, 9. mars 1987.

Kjartan Jóhannsson,  
fundaskr.